



---

Garðabær 9. desember 2011

Bæjarráð Garðabæjar  
Garðatorgi 7  
210 Garðabær

Á fundi skólaráðs Gardaskóla þann 16. nóvember síðastliðinn var ákveðið að fara þess á leit við Bæjarráð Garðabæjar að sveitarfélagið niðurgreiði heitan mat í matsölu skólans þannig að máltíðin verði hagkvæmur valkostur fyrir nemendur þegar þeir velja sér hádegismat.

Í nóvember 2011 kostar heit máltíð í skólanum 550 krónur. Nemendur leita í miklum mæli út fyrir skólann til að kaupa hádegismat og fá þar samlokur, salöt og létta rétti á 350-500 krónur. Heita máltíðin í matsölu Gardaskóla er augljóslega betri valkostur fyrir nemendur sem vilja halda starfsorku og borða næringarríkan mat. Í núverandi stöðu er þessi valkostur þeim ekki fýsilegur vegna verðsins.

Nemendur Gardaskóla njóta þess að hafa valfrelsi og hentar mataráskrift þeim ekki þótt þeir geti valið fasta daga. Með verðstýringu er hægt að hafa áhrif á það hvað nemendur velja sér í hádegismat. Verksali hefur þegar lækkað máltíðina í lausasölu um 50 krónur til að koma til móts við nemendur. Ef bæjarfélagið niðurgreiðir máltíðina um 60 krónur til viðbótar fer verð máltíðar í 490 krónur sem gerir heitan mat samkeppnishæfan í verði við aðra vöru í matsölunni. Því er þess farið á leit að sveitarfélagið niðurgreiði máltíðir í lausasölu í Gardaskóla.

Virðingarfyllst, fyrir hönd Skólaráðs Gardaskóla

---

Brynhildur Sigurðardóttir, skólastjóri